

57

28. marz

G J A L D S K R Á**fyrir heimilishjálp í Gnúpverjahreppi.**

1. gr.

Fyrir heimilishjálp, samkvæmt reglugerð nr. 138/1955, svo og reglum, sem hreppsnefnd Gnúpverjahrepps setur þar um, skal greiða á dag kr. 40.00 — fjörutíu krónur —.

2. gr.

Hjálparstúlka, sem vinnur við heimilishjálp, skal fá endurgjaldslaust fæði á vinnustað.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Gnúpverjahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. marz 1957.

Hannibal Valdimarsson.

Jón S. Ólafsson.

58

30. marz

F Y R I R M Æ L I**um tollmeðferð prentaðs máls og skjala frá opinberum aðilum á Norðurlöndum.**

Ráðuneytið mælir svo fyrir, að sendingar, sem opinberir aðilar í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð senda hingað til lands og í er eingöngu prentað mál eða önnur skjöl, skuli vera undanþegnar aðflutningsgjöldum og öðrum gjöldum við tollafgreiðslu, svo og undanþegnar tolleftirliti, ef

(1) að á sendinguna er lakk- eða pappírinnisligli hlutaðeigandi opinberra aðila, þær eru í sérstaklega auðkenndum umslögum þeirra eða með sérstökum embættis-stimplum, og

(2) sendingarnar bera það greinilega með sér, að í þeim séu aðeins skjöl eða prentað mál frá opinberum aðilum á Norðurlöndum.

Ekki þarf innflutningsleyfi fyrir þessum sendingum.

Opinberir aðilar í þessu sambandi teljast löggjafarþing landanna, ríkisskrifstofur, bæjar- og sveitarstjórnir og skrifstofur þeirra og nefndir, ráð og þess háttar aðilar, sem settir eru, skipaðir eða kosnir að tilhlutun opinberra aðila í umræddum löndum.

Komi sendingarnar til landsins í pósti mega póststofnanir afhenda þær beint til viðtakanda án tollmeðferðar, en séu þær innfluttar á annan hátt skulu tollstofnanir afhenda þær án þess að opna þær.

Sams konar sendingar og hér um ræðir og opinberir aðilar hér á landi senda til aðila í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, skulu undanþegnar útflutningsgjöldum, tolleftirliti við útflutning og útflutningsleyfum.

Fyrirmæli þessi taka gildi 1. apríl 1957.

Fjármálaráðuneytið, 30. marz 1957.

Eysteinn Jónsson,

Sigtr. Klemenzson.